

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 30. ágúst 2016 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í borgarráði 21. júlí 2016.

Í breytingunni felst að miðsvæðið M21 við Listabraut stækkar og tekur yfir lóð RÚV, sem áður var skilgreind sem samfélagsþjónusta. Byggingarmagn á þeim hluta reitsins er aukið og íbúðum fjölgar í allt að 350. Ekki er gert ráð fyrir gististöðum á svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 30. ágúst 2016.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.